

Fyrir fund háskólaráðs 17. mars 2016, dagskrárliður 9

Tillaga fjármálanefndar um fyrirkomulag farareyris í rannsóknamissurum:

- 1. Leið A sem miðast við eina lengri dvöl:** Hámark farareyris er 150 þ.kr. í fargjald og 1.350 þ.kr. í dagpeninga fyrir 6 mánaða misseri og 200 þ.kr. í fargjald og 1.850 þ.kr. í dagpeninga fyrir 12 mánaða misseri.
- 2. Leið B sem miðast við fleiri styttri ferðir:** Hámark farareyris og dagpeninga er 800 þ.kr. samanlagt án nokkurra takmarkana umfram það sem kveðið er á um í umburðarbréfi og auglýsingum ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna.

Skýring:

Rannsóknáumhverfi akademískra starfsmanna hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Þróun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta hefur breytt aðgengi að þekkingu og bætt möguleika á samskiptum og miðlun upplýsinga. Með ofangreindu fyrirkomulagi er komið til móts við óskir um að heppilegra geti verið fyrir akademíska starfsmenn að eiga kost á nokkrum ferðum innan rannsóknamissuris í stað einnar lengri dvalar. Gert er ráð fyrir að kennari sækir um hvora leiðina hann hyggist velja í rannsóknamissur og að ekki sé unnt að breyta því eftir að rannsóknamissur er hafið nema sérstakur rökstyðningur sé fyrir breytingunni.

Öll fræðasvið Háskóla Íslands skulu miða við sömu hámark.

Til glöggvunar

Eftirfarandi kemur fram í auglýsingu fyrir rannsóknamissur 2016-2017

Ávinnsluregla:

Heimild til rannsóknamissur er ekki veitt nema kennari hafi sinnt að fullu kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin sex misseri eða tólf misseri, eftir því hvort sótt er um misseri eða ársleyfi. Ekki er heimilt að telja með misseri lengra aftur en frá síðast tekna rannsóknamissur.

Aðjúnktar skulu hafa kennt minnst sjö misseri frá síðasta rannsóknamissur og starfshlutfall skal hafa numið að meðaltali minnst 75%. Heimilt er að veita 4 aðjúnktum rannsóknamissur í senn.

Rannsóknastig:

Til að eiga kost á rannsóknamissur á háskólaárinu 2016-2017 þarf 10 rannsóknarstig (aflstig) úr neðangreindum flokkum Matskerfis opinberra háskóla:

- 1) A2 (bækur), þó ekki A 2.4 og A 2.5
- 2) A3 (bókakaflar), þó ekki A3.4
- 3) A4 (tímaritsgreinar), að undanskildum flokki A 4.4

4) A 5.1 (greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum).

Miðað er við meðaltal síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort er hagstæðara fyrir viðkomandi.

Skýrsluskil:

Árleg skil á rannsóknarskýrslum eru einnig forsenda heimildar til rannsóknamissis. Jafnframt skil á skýrslu um síðasta rannsóknamissis.

Forsetar fræðasviða geta þó heimilað frávik frá ofangreindum reglunum í sérstökum tilvikum.